

Samkeppni um skipulagningu Arnarhóls:

Íslensk frelsisstyttta!

Mikið hugmyndaflug ráðandi við skipulag bæjarhóls höfuðborgarinnar

■ Sýning á skipulagstillögum þeim sem verðlaun hlutu í hugmyndasamkeppni Seðlabanka Íslands og Reykjavíkurborgar stendur yfir þessa dagana á Kjarvalsstöðum og hefur verið lagður fram sérstakur spurningalisti þar sem borgarbúar geta tjáð sig um hvernig þeir vilja hafa þennan „bæjarhól höfuðborgarinnar“, eins og Davíð Oddsson borgarstjóri nefndi Arnarhólinn við afhendingu verðlaunanna s.l. föstudag.

Það kom fram í máli borgarstóra að margar og fjölbreyttar tillögur hefðu borist í samkeppninni og bæri það vott um lífandi áhuga manna á framtíð Arnarhólsins. Ekki mun hafa verið um eina meginlínu að ræða hvað varðar framtíð hólins en allar tillögurnar bera með sér að Arnarhól megi lagfæra og það sé jafnvel auðsynlegt ef hann eigi að nýtast til almennrar útivistar, sem og stórhátíðarhalds. Gat Davíð þess sérstaklega að Ingólfur Arnarson væri fastur í sessi í hugum manna á stalli sínum á Arnarhóli í tillögum allra.

Búið er við að útfærslu verðlaunatilaganna verði lokið með vorinu og þá verður ein þeirra valin til endanlegrar vinnslu. Það kom fram hjá Jóhannesi Nordal bankastjóra Seðlabankans að vonir stæðu til að fyrsta áfangi við framkvæmdir yrði lokið fyrir 1. ágúst 1986, er Reykjavíkurborg minnst 200 ára afmælis síns.

Alls standa 35 aðilar á bakvið þær 10 tillögur sem hlutu verðlaun, voru keyptar inn og hlutu sérstaka viðurkenningu. Nemur


upphæðin sem veitt var í viðurkenningar 1 milljón 130 þúsundum króna en alls barst 31 tillaga í þessum fyrri hluta samkeppninnar.

Mikið hugmyndaflug ríkir í þeim tillögum sem viðurkenningu fengu og eru margir sem leggja til að hólinn verði grafinn út að einhverju eða öllu leyti. Tillögur um Ingólfssafn og útileikhús sjást víða og margir hafa komið fyrir öndvegissúlunum fornu í stílfærðri mynd. Tvær tillögur fengu sérstaka viðurkenningu fyrir frumleika en í dómsorðum kemur fram að þær séu vart raunhæfar. Gerir önnur þeirra ráð fyrir að komið verði fyrir lyftubúnaði í hólnum og hann hækkaður og lækkaður eftir þörfum. Í hinni tillögunni er gert ráð fyrir því að stytta af Ingólfi verði stækkuð verulega, í svipaða stærð og frelsisstyttan í New York, og komið verði fyrir veitingastað í höfðinu og útsýnispalli í atgeirnum!

Í dómnefndinni sátu Davíð Oddsson borgarstjóri, Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, Guð-

mundur Kr. Guðmundsson arkitekt, Gunnar Friðbjörnsson arkitekt og Þórarinn Þórarins-

son arkitekt. Sýningin á Kjarvalsstöðum stendur út þessa viku.



■ Tillaga Braga Hjartarsonar og Elinborgar Ragnarsdóttur er stórhuga og gerir ráð fyrir að Ingólfur Arnarson „vaxi“ nokkuð. Fékk hún sérstaka viðurkenningu dómnefndar en dómsorð voru: „Tillagan er einföld og skýrir sig sjálf. Hugmyndin er stórbróttin en vart raunhæf“.

Framtíð Reykjavíkurlugvallar:

350 þúsund farþegar árið 1990?

■ Framtíð Reykjavíkurlugvallar hefur verið til umræðu í fjölmiðlum undanfarið í kjölfar skipulagstillagna sem Pétur Einarsson flugmálastjóri hefur látið gera og eru til umfjöllunar í skipulagsnefnd.

Endurskoðuð farþegaspá fyrir Reykjavíkurlugvöll gerir ráð fyrir því að farþegafjöldi, sem fari um völlin á þessu ári verði 300 þúsund, verði orðinn 350 þúsund árið 1990. Undanfarnin tvö ár hefur umferðin um völlinn verið 5-10% minni en spáin og gerir flugmálastjórn ráð fyrir að fjöldi farþega sem fari um Reykjavíkurlugvöll á þessu ári verði um 273 þúsund.

Aukning flugumferðar um



Reykjavíkurlugvöll á síðasta ári nam 9.4% og bar þar hæst aukningu á umferð smáloftfara en hún var 16.8% á árinu 1984. Aukning varð einnig á lendingum á flestum flugvöllum landsins, nema í Vestmannaeyjum og á Saudárkróki og eru ástæðurnar fyrir því taldar bættar samgöngur á sjó og landi. Lendingar í Reykjavík voru á síðasta ári 20.358 talsins og er það lang hæsta hlutfall á landinu. Er



ástandið í raun þannig að ef Reykjavíkurlugvöllur er lokaður, má segja að flugsamgöngur liggi niðri innanlands.

Af þessu er ljóst að miklu skiptir um framtíðarstaðsetningu Reykjavíkurlugvallar og að komið verði sem fyrst upp varanlegri aðstöðu til frambúðar. Skipulagstillögur flugmálastjóra gera ráð fyrir byggingu flugstöðvar sunnan við flugturninn og lengingu austur-vestur flugbrautarinnar. Þá er einnig gert ráð fyrir aðstöðu fyrir einkaflugíð, Landhelgisgæsluna, svo og fyrir flugminjasafn.

– yfir 20 þúsund lendingar í Reykjavík á síðasta ári



■ Deiliskipulag Reykjavíkurlugvallar, samkvæmt skipulagstillögu flugmálastjóra. Lenging vestur-austur flugbrautarinnar er ekki sýnd á myndinni.

■ Tillögur að fyrirhugaðri flugstöð og flugminjasafni á Reykjavíkurlugvelli. NT-myndir: Sverrir.